

# RÍKISSAKSÓKNARI

Alþingi  
Erindi nr. P 131/1-96  
komudagur 2.5. 2005/1

BSt/jhb  
B. 145/05

Reykjavík, 2. maí 2005.

Með bréfi Alþingis, dagsettu 25. f.m. sem þessu embætti barst 27. f.m., hefur samgöngunefnd sent embættinu til umsagnar frumvarp til laga um breyting á lögum um fjarskipti nr. 81, 2003, og tillögu til þingsályktunar um stefnu í fjarskiptamálum fyrir árin 2005-2010, en það eru 738. og 746. mál 131. löggjafarþings. Svares er óskað eigi síðar en fyrir hádegi þann 2. maí, sem er í dag.

Embætti ríkissaksóknara, sem ekki þekkir til undirbúnings þessara þingmála, telur sig með engu móti geta á þeim fresti sem veittur er látið uppi álit eða umsögn um frumvarpið, þar sem gerðar eru fjölmargar tillögur um breytingar á gildandi fjarskiptalögum auk þess sem þar er lagt til að fyrir Alþingi sé lögð tillaga til þingsályktunar um fjarskiptaáætlun til næstu fimm ára. Að svo stöddu er því ekki unnt að skila umsögn um efni þessara þingmála eða tillögum um meðferð þeirra.



e.u.

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 10,  
150 Reykjavík.